



Lausafjártrygging

Skilmáli nr. EL10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EL10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Lausafjártrygging er fyrir muni sem ekki eru hluti af húseign má þar nefna vörur, vélar, tæki og verkfæri.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Efnisyfirlit

- I. Almenn ákvæði
- II. Brunatrygging
- III. Vatnstjónstrygging (valkvætt)
- IV. Innbrotspjófnaðar- og ránstrygging (valkvætt)
- V. Óveðurstrygging (valkvætt)

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

1.1 Trygging skv. III., IV. og V. kafla er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hvað er tryggt?

2.1 Tryggt er lausafé í eigu tryggðs sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Komi ekki annað fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun er með lausafé átt við vörur, þar á meðal hráefni, hálfunnar vörur og fullunnar, umbúðir, húsmuni, innréttingar, vélar og annan rekstrarbúnað, þar á meðal verkfæri, áhöld og ökutæki sem ekki eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum.

2.2 Tryggingin tekur ekki til eftirfarandi nema sérstaklega sé um það samið og þess getið í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

- a) Listaverka.
- b) Reiðufjár, peningaígildis, verðbréfa, hlutabréfa, handrita, frímerkjasafna, skjala, góðmálma, gimsteina, úra eða skartgripa.
- c) Tölvuforrita, bókhaldsgagna, tækniteikninga, líkana og þess háttar sem þarf að endurnýja eða endurvinnna eftir tjónsatburð.
- d) Skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, báta, skipa og loftfara.
- e) Lausafjár sem fellur undir brunatryggingu húseigna.

3. Hver er tryggður?

3.1 Eigandi lausafjárins er tryggður.

4. Hvar gildir tryggingin?

4.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun (hér eftir „tryggingarstaður“).

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki rekstartap eða annað óbeint tjón.



- 5.2 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- 6.2 Tryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á tryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum, reglugerðum og tilmælum frá opinberum eftirlitsaðilum.
- 6.3 Tryggður skal sjá til þess að vörubirgðir í kjöllurum séu á vörugrind eða palli og að niðurfali sé í geymsluherbergi.
- 6.4 Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti.
- 6.5 Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim.
- 6.6 Tryggður skal sjá til þess að lausafé sé ekki geymt í opnum húsum, skemmum eða skýlum til að koma í veg fyrir tjón af völdum óveðurs, þjófnaðar eða yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða snjóbráð (asahláku).
- 6.7 Tryggður skal sjá til þess að dyr, gluggaop og önnur op inn á tryggingarstað séu lokað og tryggilega læst.
- 6.8 Tryggður skal sjá til þess að festa og ganga tryggilega frá tryggnu lausafé utandyra. Einnig skal fara yfir allar festingar og frágang á lausafé utandyra og styrkja þær ef von er á óveðri.
- 6.9 Tryggður skal sjá til þess að sjálfsalar, sýningarskápar og sýningarkassar séu ætíð læstir.
- 6.10 Tryggður skal ætíð geyma lykla þannig að óviðkomandi geti ekki nálgast þá.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er fyrir tryggðra að vita hverjar þær eru.

7. Breytt notkun

- 7.1 Allar breytingar á gerð og notkun tryggingarstaðar sem haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni, skal tilkynna VÍS tafarlaust. Láti tryggður það hjá líða getur það haft í för með sér að ábyrgð VÍS takmarkist eða falli niður.¹

8. Háttsemi annarra

- 8.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og einstaklings sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.²
- 8.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs eða umsjónarmanns einstakra muna, tækja og húseigna sem tryggt lausafé er staðsett í.

9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 9.2 Þrátt fyrir gr. 9.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir.

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir	Hámarksafskriftir
Snjalltæki og tölvubúnaður ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	10%	70%
Annað	12 mánaða fresti	10%	70%

- 9.3 Vörur sem tryggður hefur ekki framleitt verðleggjast á innkaupsverði að viðbættum kostnaði miðað við hefðbundinn innkaups- og flutningsmáta.
- 9.4 Vörur í framleiðslu og fullunnar vörur sem tryggður hefur framleitt verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði við framleiðsluna.
- 9.5 Ekki greiðast bætur fyrir áætlað söluverð eða missi hagnaðar.
- 9.6 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við hlutinn.
- 9.7 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

¹ Sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

² Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004



- 9.8 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 9.9 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

10. Framsal

- 10.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingu þessari er háð samþykki VÍS.

II. Brunatrygging

11. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
11.1 Eldsvoði, elding og sprenging.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón vegna eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus. b) Tjón vegna eldinga. c) Tjón vegna sprenginga. 	<ul style="list-style-type: none"> d) Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir. e) Tjón á raftækjum eða rafeindatækjum sem orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu, spani frá rafmagnuðu óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.
11.2 Ketilskemmdir.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón á gufukatli eða háþrýstisuðkerfi vegna yfirþrýstings sem myndast við venjulega notkun tækisins. 	<ul style="list-style-type: none"> b) Tjón af völdum þurrsuðu.
11.3 Sótfall.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón vegna sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði. 	<ul style="list-style-type: none"> b) Tjón vegna sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.
11.4 Loftför.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón vegna loftfara og hluta sem frá þeim falla. 	
11.5 Slökkvi- og björgunaraðgerðir.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón og kostnað vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfunum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna og ráðstafanir teljast sérstakar og réttlætanlegar. b) Kostnað vegna nauðsynlegs flutnings á hinu tryggða lausafé í sambandi við tjón sem bótaskyld er úr tryggingunni. c) Lausafé sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir. 	



III. Vatnstjónstrygging

12. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
12.1 Vatn.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón vegna vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. b) Tjón vegna vatns sem flæðir óvænt og skyndilega frá tækjum sem eru fast tengd leiðslum hússins. c) Tjón vegna utanaðkomandi yfirborðsvatns sem flæðir inn um glugga- og hurðaoop á tryggingarstað vegna skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku) og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið í nágrenni tryggingarstaðar vegna sama tjónsatburðar. 	<ul style="list-style-type: none"> d) Tjón vegna utanaðkomandi vatns, annað en greinir í c lið þessarar greinar, svo sem: <ul style="list-style-type: none"> i. Vegna grunnvatns eða flóða frá sjó, stöðuvatni, ám eða lækjum. ii. Vegna vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. iii. Vegna úrkomu sem berst inn um þak eða vegg, nema af völdum bótaskylds foktjóns. e) Tjón vegna vatns sem brýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. f) Tjón vegna langvarandi raka, vatnsleka eða vegna smits. g) Tjón vegna byggingarvinnu eða viðhalds, þar með talin vinna við vatnslagnir.
12.2 Olía eða kælivökvi.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón vegna olíu eða kælivökva sem streymir skyndilega og óvænt úr olíugeymi, olíueldstæði, kæliskáp eða kælikerfi. 	<ul style="list-style-type: none"> b) Tjón á vörum í frysti- og kæligeymslum, þó bætist tjón á vörum sem þannig eru geymdar í smávöruverslunum ef kælivökvi rennur á þær skyndilega og óvænt. c) Tjón vegna langvarandi olíuleka eða smits. d) Tjón sem verður við áfyllingu olíu- eða kælivökva. e) Tap eða skemmdir á olíu- eða kælivökva.

IV. Innbrotspjófnaðar – og ránstrygging

13. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
13.1 Þjófnaður.	<ul style="list-style-type: none"> a) Þjófnað og skemmdir á hinu tryggða lausafé við innbrot á tryggingarstað. Það telst innbrot þegar aðili, sem ekki er ætlað inngöngu á tryggingarstað, brýtur eða reynir að brjóta sér leið inn um læstar dyr eða op. b) Ef bætur eru greiddar vegna innbrots í húseign bætir tryggingin einnig skemmdir á húseigninni, sem nemur allt að 10% af tryggingarfjárhæð lausafjár. c) Þjófnað úr sjálfsölum, sýningarskápum eða sýningarkössum innanhúss á tryggingarstað. 	<ul style="list-style-type: none"> d) Tjón á rúðum og póstkössum, enda þótt það verði í sambandi við innbrot. e) Tjón á húseigninni sem stafar af eldsvoða, enda þótt hann verði í sambandi við innbrot. f) Þjófnað úr peningaskáp sem opnaður hefur verið með lykli eða aðgangskóða sem skilinn hefur verið eftir á tryggingarstað. g) Þjófnað á hlutum sem geymdir eru utandyra, í opnum skemmum eða skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h. h) Þjófnað sem framinn er með hlutdeild starfsmanns tryggðs.
13.2 Rán.	<ul style="list-style-type: none"> a) Þegar tryggðu lausafé er rænt af tryggðum eða starfsólki hans á tryggingarstað eða í ferðum innanlands. Það telst rán þegar tryggðir munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.³ <ul style="list-style-type: none"> i. Hámarksbætur nema 10% af tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. 	<ul style="list-style-type: none"> b) Tjón vegna ráns sem framið er með hlutdeild starfsmanns tryggðs.

³ Sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

**V. Óveðurstrygging****14. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
14.1 Óveður.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tjón á lausafé innanhúss vegna óveðurs þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. b) Tjón á lausafé utandyra vegna óveðurs ef sérstaklega hefur verið um það samið og það sérgreint í skirteini. Safn ósérgreindra hluta bætist ekki úr tryggingunni. c) Með óveðri er átt við þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs. 	

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.